

FJARKENNSLA

Nemendur hafa aðgang að öllu ítarefni og geta unnið verkefni sjálfstætt.

Myndbönd eru notuð til að kenna eða rifja upp aðferðir.

Nemendur vinna með rauntímatengd verkefni, sem hvetja nemendur til að leita að upplýsingum sjálf.

Hreyfing þarf að vera hluti af daglegum verkefnum í fjarkennslu.


Vinna **án stuðnings kennara** má ekki vera lengri en 10-15 mínútur á yngsta stigi, hálf tími á miðstigi og hálf tími til klukkustund á unglingastigi.

Fjarkennsla á mið- og unglingastigi á að vera í boði daglega. Hægt er að skipta henni þannig upp að ákveðin fög séu í forgrunni ákveðna daga. Ekki er reiknað með meira en einni klukkustunda viðveru í fjarkennslu dagleg, en nemendur geta leitað til kennara á þeim tímum sem þeir ættu að vera í í kennslustund ef að ekki væri fjarkennsla.

Heimalestur er daglegt heimaverkefni í 1. - 10. bekk og hægt að biðja nemendur að skila honum í gegnum ákveðin forrit (Seesaw, GSuite, KeyWe...) eða kvittunarhefti. Kennarar velja hentugt forrit.

Nemendur fá afhendar skýrar verkefnalýsingar og upplýsingar um mat á verkefnum um leið og þau eru lögð fyrir.

Samvinnuverkefni eru mikilvæg líka í fjarkennslu, því að börn þurfa félagsleg samskipti. Ef aðeins hluti nemenda á mið- eða unglingastigi er í fjarkennslu, eru þeir settir í hópa með staðnemunum.



SKÓLA- OG FRÍSTUNDADEILD BREIÐHOLTS